

T I L L A G A

til þingsályktunar um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti,
kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Guðmundi Þór Guðmundssyni, Örnú Grétarsdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur,
Kobrínu Baldursdóttur, Sigríði Mundu Jónsdóttur, Hildi Ingu Rúnarsdóttur,
Ólöfu Margréti Snorradóttur og Gísla Jónassyni.
Frsm. Kolbrún Baldursdóttir.

Kirkjuþing 2018 samþykkir að skipa nefnd þriggja manna til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings hið fyrsta þannig að þær fái endanlega úrlausn kirkjuþings á fyrri hluta árs 2019.

Greinargerð.

Kirkjuþing þjóðkirkjunnar setti árið 1998 starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Þær reglur hafa sætt endurskoðun og voru nýjar starfsreglur samþykktar á kirkjuþingi árið 2009. Starfsreglurnar eru nr. 955/2009, með síðari breytingu. Ljóst er að núgildandi starfsreglur taka einungis til hluta þess málefnis sem hér er fjallað um. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 ber vinnuveitanda m.a. að sjá til þess að gripið verði til aðgerða gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreiti og ofbeldi. Velferðarráðuneytið hefur sett reglugerð þar að lútandi sem er nr. 1009/2015 í B-deild Stjórnartíðinda.

Í úrskurði úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2017 kom fram að úrskurðarnefndin teldi að kirkjuþing þyrfi að endurskoða gildandi starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar (sjá bls. 14 í úrskurðinum sem er birtur á vef þjóðkirkjunnar).

Biskupsstofa hefur unnið að gerð áætlunar á grundvelli reglugerðarinnar, fyrir starfsfólk stofnunarinnar, þ.m.t. presta þjóðkirkjunnar sem taka laun frá biskupsstofu, en þeirri vinnu er ekki lokið. Leitað hefur verið aðstoðar sérfræðinga í þeirri vinnu.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að kirkjuþing 2018 samþykki að rýmka hlutverk fagráðsins. Í stað þess að fagráðið taki einungis á málum er varða meint kynferðisbrot gætu allir, ef ályktunin yrði samþykkt, sem starfa á vegum kirkjunnar eða eiga þar hagsmuna að gæta vísað þar tilgreindum málum sínum til fagráðsins. Þetta næði t.d. yfir mál er litu að hvers lags ofbeldi svo sem einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundnu áreiti.

Sú þriggja manna nefnd sem lagt er til við kirkjuþing 2018 að skipi hefði það hlutverk að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi, sem og yfirfara skilgreiningar í tengslum við þær breytingar sem lagðar eru til.

Brýna nauðsyn ber til að vinna hratt að heildstæðri endurskoðun þessara mála innan þjóðkirkjunnar og setja upp skilvirkan, faglegan og trúverðugan vettvang fyrir öll þau viðfangsefni sem framangreind reglugerð ráðuneytisins tekur til.